



Lífsleikni 1. bekkur 2024-2025

Í lífsleikni horfum við til hæfniviðmiða Aðalnámskrár fyrir 1.- 4. bekk. Áhersla á að kenna börnunum góðar samskiptavenjur, sjálfsstjórn og félagsfærni auk þess að læra að þekkja sjálfa(n) sig, tilfinningar sínar og nærumhverfið sitt. Lífsleiknikennsla fléttast inn í daglegt starf auk þess að eiga sinn fasta stað í stundatöflu.

Kennsluaðferðir

Umræður í heimakrók skipa stóran sess í bekknum. Þar eru rædd ýmis mál sem upp koma í bekknum, skólanum eða jafnvel þjóðfélaginu, auk þess að leysa ágreiningsefni sem upp geta komið og um hversu ólík við erum. Farið er í ýmsa leiki, verkefnavinnu, horft á myndbönd og fleira.

Námsefni og gögn

Grunnbókin í lífsleikni er Bókin um Tíslu.

Uppeldi til ábyrgðar: þarfir, gildi, hlutverk, jákvæð samskipti, mistök, sjálfsstjórn

Vaxandi hugarfar: heilinn, jákvæðar hugsanir

Slökun og hugleiðsla: Heillastjarnan, núvitund

Leikir og spil

Myndbönd

Námsmat

Þátttaka nemenda og vinnubrögð þeirra metin.

Kennarar – Sigríður Ólafsdóttir og Fríða Dögg Finnsdóttir